

Nd.

112. Frumvarp

til laga um innflutningsgjald af bensini til viðhalds vegum.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Auk vörutolls skal greiða innflutningsgjald af bensini, er nemi kr. 2,50 af hverjum 50 kg.

2. gr.

Af innflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, samkvæmt tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

Um innheimtu innflutningsgjaldsins fer eftir lögum um vörutoll.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Greinargerð.

Þegar bifreiðum fjölgaði hjer á laudi, kom það brátt í ljós, hve mjög þær slitu akvegum. Það þótti því sanngjarnt, að bifreiðaeigendur ljētu eitthvað af mörkum til þess að bæta skemdirnar og halda við vegunum.

Með lögum nr. 56, 27. júní 1921, var lagður skattur á bifreiðar, og var skatturinn miðaður við hestorku vjelarinnar. Mönnum er nú orðið ljóst, að mælikvarði þessi er skakkur, því það liggur í augum uppi, að það er ekki hestorka vjelarinnar, heldur aðallega bitt, hve mikið bifreiðinni er ekið, sem gefur bendingu um það slit, sem bifreiðin orsakar á vegunum.

Bensineyðslan segir sæmilega til um notkun bifreiðarinnar, og virðist því, sem það sje heppileg leið til að ná af bifreiðaeigendum gjaldi til viðhalds veganna, að leggja nýjan innflutningstoll á bensin, enda sje þá bifreiðaskatturinn úr lögum numinn.

Það hefir þótt hæfilegt að stinga upp á, að innflutningsgjald þetta nemi

2,50 kr. á hver 50 kg. af bensíni, og má áætla, að það jafngildi fyllilega bifreiðaskattinum samkv. l. nr. 56, 27. júní 1921.

Frv. þetta er fínt samkv. áskorun fjölda bifreiðaeigenda.
Nánara í framsögu.